

369. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 12. febrúar 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Eypór Benediktsson, varamaður
Davíð Sveinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Þriggja-ára-áætlun 2005-2007, undirbúningsvinna við áætlunina.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir áætlun, síðan var henni vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.
2. Fundargerðir nefnda.
 - 2.1 Framkvæmdanefnd Ljósmyndasafns Stykkishólms dags. 27.1..2004.
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 29.1.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 2.3. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 4.2. 2004.
Liðir 1., 2. og 3 eru samþykktir, liður 4.b. lagt er til við bæjarstjórn að láta vinna að breytingum á aðal og deiluskipulagi vegna byggingar leikskóla í Tjarnarmýri. Fundargerð að öðru leiti framlögð.
 - 2.4. Undirbúningsnefnd v. leikskólabyggingar, dags. 22.1.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 2.5. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 3.2.2004.
Liður 2. samþykkt er að ganga til samninga og bæjarstjóra og forstöðumanni íþróttamiðstöðvar falið að leggja fram drög að samningi við umsækjendur um húsnæði í Íþróttamiðstöð. Lið 3. er vísað til bæjarstjórnar. Að öðru leiti er fundargerð framlögð.
 - 2.6. Fræðslunefnd Stykkishólms, dags. 11.02.2004.
Fundargerð lögð fram.
3. Aðrar fundargerðir.
 - 3.1. Stjórnarfundur Sorpurðunar Vesturlands, dags. 6.2.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 3.2. 190. fundargerð Launanefndar sveitarfélaga, dags. 3.12.2003.
Fundargerð framlögð.
 - 3.3. Ársskýrsla Sýslumanns Snæfellinga fyrir árið 2003.
Skýrslan lögð fram.
4. Bréf söguskrifara- Saga Stykkishólms.
Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við söguritara um að 3. bindi Sögu Stykkishólms komi út haustið 2005.

5. Kaup á landspildu.
Bæjarráð samþykkir að kaupa landspildu Árnýjar Guðmundsdóttur samkvæmt áður gerðu mati.
6. Skipulagsmál á Breiðafirði, sjá bréf.
Bæjarráð leggur til að þetta mál verði skoðað nánar.
7. Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms dags. 6.2.'04.
Samþykkt að veita Lionsklúbbi Stykkishólms styrk að upphæð kr. 96.373.
8. Lóðarumsókn – Högni Högnason.
Bæjarráð samþykkir lóðarumsókn Högna Högnasonar.
9. Bréf sýslumanns Snæfellinga dags. 22.01.'04.
Bréf sýslumanns lagt fram.
10. Bréf framkvæmdastjóra UMFÍ dags. 12.01.'04.
Tillögur 11 og 52 frá 43. sambandsþing UMFÍ voru framlagðar.
11. Athugun á húsnæðismálum áhaldahúss.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.
12. Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands, 27.2.2004, kl. 13.30 í Mótél Venus.
Samþykkt að bæjarstjóri fari með umboð Stykkishólmsbæjar á aðalfundi Sorpurðunar Vesturlands.
13. Bréf frá Golfklúbbum Mostra dags. 10. febrúar 2004.
Bæjarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 99.919.
14. Bréf Gunnlaugs Árnasonar dags. 6.02.'04.
Bréfið er framlagt. Bæjarráð samþykkir að veita kr. 100.000 styrk til útgáfu ljóðabókar Árna Helgasonar.
15. Íbúaðing í Stykkishólmi, greinargerð og niðurstöður desember 2003.
Greinargerð lögð fram og vísað til bæjarstjórnar.
16. Tilnefning fullrúa í framkvæmdaráð Green Globe 21 á Snæfellsnesi.
Bæjarráð samþykkir að Dagný Þórisdóttir bæjarfulltrúi og Menja von Schmalensee verði fulltúar Stykkishólmsbæjar í framkvæmdaráðinu.
17. Grunnskólaþing sveitarfélaga föstudaginn 26. mars 2004.
Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25

Þór Örn Jónsson, bæjarritari